

Stykkishólmsbær  
b.t. Fannars Þórs Þorfinnssonar  
Hafnargötu 3  
340 Stykkishólmur

Reykjavík, 3. október 2022  
UST202208-274/A.Þ.  
10.05.00

### **Efni: Byggingarleyfi - Þangvinnsla og þörungaframleiðsla- Nesvegur 22 í Stykkishólmi**

Vísað er til erindis byggingafulltrúa Stykkishólmsbæjar er barst 29. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna byggingarleyfisumsóknar á þangvinnslu við Nesveg 22 í Stykkishólmi.

Arco Harvester (hér eftir nefnt rekstraraðili) áformar að setja upp þörungavinnslu á lóðinni með afkastagetu upp á fimm þúsund tonn. Stærð lóðar er 3.700 m<sup>2</sup> og byggingin sem sótt er um byggingarleyfi fyrir er 959 m<sup>2</sup> og 10 metra há. Á lóðinni var áður steypustöð.

### **Breiðafjörður**

Umhverfisstofnun bendir á að Breiðafjörður er friðlýstur en um hann gilda lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja en löggin taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins. Sérstök nefnd, Breiðafjarðarnefnd er umhverfis-, orku og loftslagsráðherra til ráðgjafar um vernd svæðisins.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að samráð sé haft við Breiðafjarðarnefndina er varðar verkefnið. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að verkefnið rýri ekki verndargildi hins friðlýsta svæðis.

### **Ásýnd**

Umhverfisstofnun telur að 10 metra há bygging á þessari lóð muni vera mjög áberandi og hafa áhrif á landslag og bendir á að fjörur Breiðafjarðar eru friðaðar og hafa útivistargildi. Stofnunin bendir á að í aðalskipulagi sveitarfélagsins er nærliggjandi svæði skilgreint sem útivistarsvæði. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 69. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 skal þess gætt við hönnun mannvirkja að þau falli sem best að svipmóti lands. Stofnunin telur mikilvægt að hafa það í huga við leyfisveitingu.

### **Skipulag og umhverfismat**

Umhverfisstofnun bendir á að hér er um að ræða umsókn um byggingarleyfi, en henni fylgir greinargerð þar sem verkefnið er kynnt stuttlega. Umhverfisstofnun telur æskilegt að unnið sé deiliskipulag fyrir svæðið þar sem metin eru áhrif fyrirhugaðrar starfsemi á

Þá umhverfisþætti sem við á sbr. gr. 5.4.1 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, sérstaklega þar sem að framkvæmdarsvæðið liggur við og hefur áhrif á Breiðafjörð.

Umhverfisstofnun bendir á að þeir umhverfisþættir sem hægt væri að áhrifameta í deiliskipulagi eru vatn, lífríki fjöru, loftgæði, hljóðvist og útivist. Áhrifaþættir væru t.d. fráveita, úrgangur, vatnstaka og þangsláttur.

Auk þess segir í ofangreindri grein skipulagsreglugerðar að ef í ljós kemur að fyrirhugaðar framkvæmdir eða starfsemi geta haft neikvæð áhrif á umhverfið skal gera breytingar á deiliskipulagstillögunni til að draga úr hinum neikvæðu áhrifum eða rökstyðja af hverju það er ekki gert. Setja skal skilmála um vöktun áhrifa og um hvernig bregðast eigi við umhverfisvandamálum eftir því sem þörf er á.

Umhverfisstofnun bendir einnig á gr. 5.3.2.14 í skipulagsreglugerð þar sem segir að leggja skuli áherslu á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Einnig er óheimilt að setja niður girðingu á sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna skv. 26. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana fellur pökkun og niðursuða á jurta- og dýraafurðum þar sem gólfhlötur bygginga er a.m.k. 1.000 m<sup>2</sup> í B flokk og er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um hvort framkvæmdin sé háð umhverfismati skv. lögnum. Þar sem gólfhlötur fyrirhugaðrar þörungavinnslu er nálægt þessum mörkum og vegna nálægðar við verndarsvæði telur Umhverfisstofnun að hafa eigi samband við Skipulagsstofnun og fá úr því skorið hvort framkvæmdin sé tilkynningarskyld sbr. 1. mgr. 1. viðauka laga nr. 111/2021 þar sem segir að framkvæmdir sem eru undir viðmiðunarmörkum í flokki B skulu tilkynntar til Skipulagsstofnunar ef þær eru fyrirhugaðar á verndarsvæði.

Umhverfisstofnun telur þurfa frekari gögn og skýringar á starfseminni til að geta metið áhrif hennar á umhverfið. Því vill stofnunin árétta að með þessu bréfi er hún einungis að veita umsögn varðandi byggingarframkvæmdir.

### **Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á að fráveita skal vera í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Þar sem viðtaki frárennslisins er Breiðafjörður sem er friðlýstur er mjög mikilvægt að hreinsunin sé fullnægjandi.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir,  
*sérfræðingur*

Axel Benediktsson,  
*sérfræðingur*